

**Fáskrúðsfjörður:**

Suðurfjarðarvegur (96) frá hreppamörkum við Heiði um Búðaveg að Hafnargötu. Hafnargata. Búðarvegur frá Hafnargötu að Búðalæk.

**Stöðvarfjörður:**

Suðurfjarðarvegur (96) frá ristahliði við Sellæk að gatnamótum 100 m norðaustan við Sólhól.

**Breiðdalsvík:**

Breiðdalsvíkurvegur (97) frá gatnamótum við Kolluhraun (400 m norðan kaupfélags) að gatnamótum við kaupfélag og Hafnarbraut að Hafnargarði.

**Djúpivogur:**

Djúpavogsvegur (98) frá mörkum 250 m sunnan prestseturs framhá kirkju að höfn með álmu að síldarbræðslu nyrst við Gleiðuvík.

**Höfn í Hornafirði:**

Hafnarvegur (99) frá gatnamótum Vesturbrautar að gatnamótum Víkurbrautar. Víkurbraut frá hóteli að bryggju í Álagarey.

**2. gr.**

Um framkvæmdir við lagningu og viðhald þjóðvega samkvæmt 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkvæmt 2.—9. gr. reglugerða um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum nr. 257/1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 123 28. febrúar 1978.

*Samgönguráðuneytið, 27. ágúst 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

**REGLUGERÐ**

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147 4. mars 1975.

**1. gr.**

2. gr. orðist þannig:

**Lestagjöld.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

## 2. gr.

3. gr. orðist þannig:

**Bryggjugjöld.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

## 3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldsskrá í 9. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 39 1. febrúar 1978.

*Samgönguráðuneytið, 27. ágúst 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu á deiliskipulagsupprætti af Hvaleyrarholti í Hafnarfirði.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest deiliskipulagsupprátt af Hvaleyrarholti í Hafnarfirði.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*